

## Tennis og Badmintonfélag Siglufjarðar

TBS

### Ágrip af sögu félagsins

Talið er að í kringum 1952 eða síðar hafi nokkrir karlar tekið sig saman og byrjað að spila badminton í litla salnum í barnaskólanum. Margir byrjuðu sín fyrstu skref í badminton þarna.

Engin aðstaða var til að spila annars staðar.

Félagið var formlega stofnað 05.12.1963

Fyrsta stjórn var skipuð:

Formaður: Jóhannes Þór Egilsson, Gjaldkeri: Páll Hlöðversson, Ritari: Birgir Schioth,

Vara formaður: Guðlaugur Henriksen, Meðstjórnandi: Hreinn Steinsson

TBS fékk inngöngu í ÍBS (Íþróttabandalag Siglufjarðar) 01.febr. 1966

Þá voru félögin orðin þrjú, KS, SSS og TBS

Jóhannes Þór Egilsson og Guðlaugur Henriksen fóru í stjórn ÍBS

1966 sendir TBS 4 keppendur á fyrsta Íslandsmótið, þeir Jóhannes Þór Egilsson, Sigurjón Erlendsson, Guðlaugur Henriksen, og Friðleifur Stefánsson. Þeir spiluðu einliðal. og tvíliðaleik og stóðu sig allir vel með þryði.

1968 var merki félagsins hannað af Sírý Bragadóttur.

1968 farið í fyrsta skipti á Unglingameistaramót, áttum 4 keppendur.

Gunnar Blöndal og Ingólfur Jónsson Íslandsmeistarar í tvíliðaleik,

Sigurður Steingrímsson og Jóhann Jónsson í 2. Sæti

Jón Gíslason Val Íslandsmeistari í einliðaleik, Sigurður Steingrímsson 2. Sæti

1963-1968 voru æfingar í salnum í Barnaskólanum.

1968 haust, var sett parkett yfir kerid í sundlauginni. Það breytti allri iðkun til íþróttanna innanhúss.

4 badmintonvellir í salnum og var spilað þri.-fim.-og laugardaga langt fram á kvöld, mikil aðsókn var

í badminton. 1969 Unglingameistaramót Íslands haldið í fyrsta skipti á Siglufirði,

Þátttakendur TBS 24, Valur 10, UMSS 6

1969/1970 ? Fengum við Færeyinga í heimsókn, kepptu við heimamenn, um kvöldið var farið í mat og stíginn Færeyskur dans að hætti Færeyinga, mikið fjör.

Haldin var Bæjarkeppni milli Siglufjarðar og Húsavíkur í nokkur ár, fyrst voru það bara karlar sem spiluðu

10-12 leikmenn. Einnig var Bæjarkeppni við Akureyri í nokkur ár 6 karlar og 4 konur í liði.

1970 unglíngameistarmót Ísl. haldið í Valsheimilínu, vorum við með 13 verðlaunahafa.

Til ársins 1975 sendi félagið 20 – 40 keppendur á mót.

1970 Íþróttahátíð ÍSÍ Reykjavík. Fjölmennum og frábær árangur.

1973 Unglíngameistarmót Íslands á Siglufirði, í tilefni 10 ára afmælis TBS færði BSÍ okkur bikar, svo fengum við margar heillaóskir.

1974 vann TBS næst efstu deild í liðakeppni BSÍ

1975 spiluðum í efstu deild í liðakeppni BSÍ

1976 fengum við Kínverja í heimsókn til Siglufjarðar, spiluðum einliða og tvíliðaleiki við þá,

Matur á Hótel Höfn um kvöldið, þar sem skipst var á gjöfum. Skemmtileg heimsókn.

1977 unglíngameistaramót Íslands haldið í Reykjavík, í tilefni 10 ára afmælis BSÍ færði TBS þeim bikar að gjöf.

Þjálfarar:

1967 kom fyrsti þjálfari Jón Árnason til félagsins og kom hann 2 x í viku.

1972-1973 Garðar Alfonsson kom hann einnig 2 x í viku.

1983- Ottó Guðjónsson lækni.

1989-1990 þær systur Sigrún og Særún Jóhannsdætur

1990-1991 Gunnar Björgvinsson

1991-1992 kristján Sturlaugsson og Anna María Björnsdóttir

1993 í jan. – 2020 María Jóhannsdóttir tekur við þjálfun, margir iðkendur voru næstu árin, voru krakkar á aldrinum 5-16 ára, æft var 3x í viku. Smátt og smátt týndist úr hópnum elstu krakkarnir fóru burtu í skóla engin endurnýjun. Árið 2000 voru 3 keppendur skráðið frá TBS í unglíngameistaramót Ísl. sem var haldið á Akureyri. Bryndís Hafþórsdóttir, Gunnar Ásgrímur Ragnarsson, svo var Arnar Þór Björnsson á hækjum, fótbrotnaði rétt fyrir mótið (áhorfandi). Um haustið þetta ár ákvað stjórnin að fara í 10 ára bekk í Barnaskólanum og gefa öllum badmintonspaða og frítt á æfingar til áramóta. Þetta skilaði okkur fullt af krökkum í félagið, fjölgaði jafnt og þétt, yfirleitt héldum við um helming úr bekk áfram til til æfinga. Æfingatímabilið var frá 1.okt. – 1.maí í þá daga.

Haustið 2004 vorum við með 90 krakka sem æfðu í fjórum hópum. 2005 fórum við með 52 keppendur á Haustmóti Akureyrar A-mót. Þótti það tíðundum sæta að litla samfélagið á Siglufirði væri með svo marga keppendur.

Við sóttum mörg mót á þessum árum, flest þeirra á suðurlandi, Akureyri og Hrafnagil fyrir norðan. oftast komum við heim með einhver verðlaun.

Mikið og gott starf hefur verið í gegnum tíðina, höfum verið með maraþon í 24 klst. Áheitasöfnun, lakkkríssölu, Firmakeppni, eigum auglýsingaskilta samninga í Íþróttahúsinu. Endurnýjum búningana okkar, höldum Siglufjarðarmót, Norðurlandsmót til skiptis á Akureyri, Hrafnagili og Siglufirði erum með A-mót annað hvert ár á móti Akureyringum. Æfingabúðir yfir helgi með gestaþjálfara.

Alltaf verið með gott og vinnusamt fólk sem aðstoðar okkur í og á mótum.

2004 heiðraði TBS Maríu Jóhannsdóttir fyrir gott barna og unglingsstarf

15. nóv. 2007 var María Jóhannsdóttir heiðruð gullmerki BSÍ fyrir áralöng og vel unnin störf í þágu

Badmintonhreyfingarinnar ásamt 10 öðrum. Einnig verið heiðruð af Kiwanisklúbbum Skildi fyrir

óeigingirnt starf í þágu íþróttamála í Siglufirði.

Jóhannes Þór Egilsson f. 04.07.1931 d. 28.05.2011 var formaður í félaginu frá stofnun þess 05.12.1963 til ársins 2010 er hann lét af störfum og við tók María Jóhannsdóttir.

Fyrstu árin mín sem þjálfari fór ég ein með hópinn minn, eftir því sem hópurinn stækkaði þurfti ég að hafa fararstjóra með mér, en það gekk nú misvel að fá fólk, annað hvort kæmu einhverjir foreldrar með mér eða það yrði ekki farið, gat ekki verið á gólfinu allan daginn og fylgst með krökkunum líka. Alltaf var farið með rútu og mikið fjör í ferðunum, lentum oft í vondum veðrum annað hvort þegar við fórum á mót eða á leiðinni heim. Það hafa farið margir foreldrar með í ferðir og sjá þeir um krakkana á milli leikja gefa þeim samlokur og bakkelsi, stundum þarf að bíða lengi eftir næsta leik. Frábært fólk í alla staði.

2015 buðum við einnig 4.bekk að bætast í byrjendahópinn.

Fjöldinn á æfingum hjá okkur hefur verið þetta mest 90 krakkar niður í 40-47 sem er talan undanfarin ár.

1.og 2. bekkur er svo kominn inn í frístund líka, erum með góðan hóp af krökkum sem halda áfram að æfa úr 3. – 4. bekk . (1. – 4. bekkur er í frístund.)

Mikill og góður árangur hefur náðst hjá okkur í gegnum árin. Flest verðlaunin eru í B-flokkunum.

### **2003 Unglingameistaramót Íslands A- mót haldið í Keflavík.**

Fengum Íslandsmeistara í einliðaleik U-13 hnátur. **Guðný Vala Þorsteinsdóttir**

#### **2. Tvíliðaleikur U-13 hnátur Guðný Vala Þorsteinsdóttir / Álfhildur Haraldsdóttir**

**Eigum við núna A-landslíðskonu hana Sólrúnu Önnu Ingvarsdóttur sem spilar fyrir BH í Hafnarfirði, fór til þeirra þegar hún fór suður í framhaldsskóla, endalausar æfingar hafa skilað henni þessum góða árangri.**

Einnig eigum við í dag 2 stúlkur í **Úrvalshóp landsliða** þær Hrafnhildi Eddu Ingvarsdóttir og Sigurlaugu Söru Kristjánsdóttir.

Svo eigum við 3 stráka í **æfingahóp landsliða** þá Erling Þór Ingvarsson 12 ára Sebastian Amor Óskarsson 12 ára og Marínó Örn Óskarsson 9 ára. Foreldrar hafa farið margar ferðir suður með börnin á landsliðs æfingar, sem eru á Reykjavíkursvæðinu.

Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir og Alex Helgi Óskarsson var boðin þátttaka í North Atlantic Camp æfingabúðum dagana 22.-29.07.2019 í Kulusúk á Grænlandi.

Frá 1993 komu nokkru sinnum gestaþjálfarar til okkar og voru yfir helgi með tækniæfingar og spil.

Helgi Magnússon, Ástvaldur Heiðarsson, Helgi Jóhannsson komu þeir nokkrum sinnum, einnig kom Snjólaug Jóhannsdóttir.

2018-2019 María Árnadóttir ráðin þjálfari / aðstoð María Jóhannsdóttir v/

Um haustið 2019 byrjaði félagið að vera með æfingar í frístund 2. bekkur og 3.-4. bekkur Þriðjudaga og fimmtudaga í 1klst. frá Grunnskólanum, góð þátttaka þar.

2019 – 2020 Róbert Bergmann Eiríksson ráðinn / aðstoð María Jóhannsdóttir v/

2020 jan.- Bjarni Þór Sverrisson ráðinn inn 1x í viku m. tækniæfingar.

2020 -2022 Gerda Voitechovskaja frá Litháen. / aðstoð Anna María Björnsdóttir

Krakkarnir hafa tekið miklum framförum eftir að við fengum hana Gerdu til okkar, metnaðarfull og flottur þjálfari þar á ferð. Fleiri æfingar, fleiri mót, þrekæfingar hjá elsta hópnum.

Gerir kröfur á þau, þurfa að mæta vel og sína áhuga. Vill fara í keppnisferðir erlendis.

Á Unglingameistaramótinu núna í mars 26.-27. Unnum við Íslandsmeistra í einliðaleik. **Síðast 2003.**

**1. sæti Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir Íslandsmeistari í einliðal. U-15 meyjar**

**2. sæti tvíliðal. U-15 meyjar Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir / Sigurlaug Sara Kristjánsdóttir**

**2. sæti tvíliðal. U-13 hnokkar Sebastián Amor Óskarsson / Marínó Örn Óskarsson**

**2.sæti einliðal. B-fl. U-15 sveinar Hlynur Freyr Ragnarsson**

**1.sæti einliðal. B-fl. U-13 hnokkar Tómas Orri Ragnarsson**

**Meistaramót Íslands haldið 07.-09.04. úrval, 1.og 2. Deild**

**1. Deild. 1.sæti einliðal. kvenna Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir**

**2. Deild. 2. Sæti tvenndarl. Ka./Kv. Jón Sverrir Árnason BH / Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir TBS**

**Bikarmót BH 22.-24. 04.´22 einliðaleiksmót spilað í styrkleika 4 í riðli.**

<b>U15-19 Stúlkur</b>	<b>A-riðill 1. Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir</b>
	<b>B-riðill 2. Sigurlaug Sara Kristjánsdóttir</b>
<b>U-15 sveinar</b>	<b>B – riðill 5. Hlynur Freyr Ragnarsson</b>
<b>U-13 hnokkar</b>	<b>A- riðill 3. Sebastían Amor Óskarsson</b>
	<b>B-riðill 4. Tómas Ingi Ragnarsson</b>
	<b>C -riðill 3. Erling Þór Ingvarsson</b>
	<b>D – riðill 2. Anton Elías Viðarsson</b>
<b>U-11 snáðar</b>	<b>A – riðill 4. Marínó Örn Óskarsson</b>

Í maí á þessu ári 2022 erum við að fara með BH til Danmerkur í keppnis og æfingaferð með 4 krakkar, Æfingabúðir í úrvalshóp landsliða, Hrafnhildur Edda og Sigurlaug Sara. Svo er Hrafnhildur Edda að fara í keppnis og æfingaferð til Finnlands í sumar.

**Samantekt: 2022**

**María Jóhannsdóttir og Sigurður Steingrímsson**